

STARF ALPJÓÐAMÁLASTOFNUNAR HÁSKÓLA ÍSLANDS ÁRIÐ 2022

Í þessari samantekt er farið yfir þau verkefni á sviði alþjóða- og utanríkismála sem Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands hefur unnið árið 2022, en innan vébanda stofnunarinnar starfa Rannsóknasetur um smáríki, Rannsóknasetur um norðurslóðir og Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands

Alþjóðasamvinna á krossgötum: Hvert stefnir Ísland?

Árleg ráðstefna Alþjóðamálastofnunar, utanríkisráðuneytisins og Norræna hússins í samstarfi við Félag stjórnmálafræðinga og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála var haldin í Norræna húsinu, miðvikudaginn 20. apríl. Líkt og fyrri ár var boðið upp á þetta og áhugaverða dagskrá um alþjóðamál og helstu áskoranir og tækifæri Íslands í utanríkismálum.

Dagskrá ráðstefnunnar var vegleg og byggðist upp á fimm málstofum. Á fyrstu málstofu dagsins flutti Flemming Splidsboel Hansen, sérfræðingur hjá dönsku alþjóðamálastofnuninni (DIIS) erindi um innrás Rússa í Úkraínu en í kjölfarið fóru fram pallborðsumræður um áhrif stríðsins á öryggismál á Norðurlöndunum. Á næstu málstofu var sjónum beint að alþjóðasamvinna og hvort að brestir væru í alþjóðakerfinu. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, flutti erindi um það hvernig alþjóðastofnanir og svæðisbundin samvinna gæti brugðist við breyttri heimsmynd. Á þriðju málstofunni flutti Rolf Fredheim, sérfræðingur hjá öndvegissetri NATO Strategic Communication Centre of Excellence í Riga erindi um stríðið á netinu en í kjölfarið fóru fram pallborðsumræður þar sem fjallað var um hvernig við getum tekist á við nýjar öryggisáskoranir eins og netárásir og upplýsingaóreiðu. Fjórða málstofan fjallaði um hvaða smitáhrif stríðið í Evrópu getur haft á norðurslóðir og hvaða afleiðingar stríðið hefur á svæðið og svæðisbundið samstarf. Albert Jónsson, fyrrverandi sendiherra og sérfræðingur í varnar- og öryggismálum flutti upphafserindi málstofunnar. Síðasta málstofa ráðstefnunnar bar yfirskriftina *Litið fram á veginn: Hvert á Ísland að stefna?* Þar ræddu fulltrúar stjórnmálaflokka framtíð utanríkisstefnu Íslands og þær áskoranir sem blasa við í öryggis- og varnarmálum.

Ráðstefnan var fjölsótt eins og fyrri ár og hefur unnið sér sess sem helsti vettvangur umræðu um alþjóðamál á Íslandi.



ACONA – The Arms Control Negotiation Academy

ACONA er 12 mánaða alþjóðlegt námskeið fyrir upprennandi leiðtoga á sviði afvopnunarmála og alþjóðasamninga. Á námskeiðinu öðlast þátttakendur færni í að undirbúa sig fyrir og meta flóknar samningaviðræður, vinna saman að alþjóðlegum rannsóknarverkefnum tengdum afvopnunarmálum og fá tækifæri til að læra af þekktum leiðtogum með mikla reynslu á sviðinu. Höfði friðarsetur er ein af sex stofnunum sem standa að námskeiðinu en The Negotiation Task Force hjá Davis Center við Harvard háskóla leiðir verkefnið.



Lokanámskeið ACONA var haldið í Reykjavík vikuna 9. - 13. maí þar sem 16 þátttakendur ACONA víðsvegar að úr heiminum komu saman og fengu kennslu frá helstu sérfræðingum á sviði afvopnunarmála og samningatækni. Aðkoma Höfða friðarseturs að námskeiðinu tryggir einum til tveimur sérfræðingum frá Íslandi þátttöku í námskeiðinu en Snæfríður Grímsdóttir, sérfræðingur í átaka-, öryggis og þróunarfræðum tók þátt í ACONA 2021 - 2022. Nýtt námskeið hófst í ágúst 2022 en Helen Inga Von Ernst, sérfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu tekur þátt að þessu sinni fyrir hönd Íslands.



ACONA Conference Reykjavík - Negotiating the Future of Arms Control

ACONA Conference Reykjavík, alþjóðleg ráðstefna um afvopnunarmál og samningatækni, var haldin 14. maí í Veröld - húsi Vigdísar í Háskóla Íslands. Ráðstefnan var haldin í kjölfar síðasta námskeiðs annars árgangs ACONA í Reykjavík. Ráðstefnan var opin almenningi og var vel sótt en meðal fyrirlesara voru meðal annars, Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, Catherine Ashton, fyrrverandi æðsti fulltrúi Evrópusambandsins í utanríkis- og öryggismálum og Steve Miller, stjórnarformaður Pugwash.



ARCADE: The Arctic Academy for Social and Environmental Leadership

Rannsóknasetur um norðurslóðir hlaut styrk úr Ersmus+ áætluninni á árinu fyrir spennandi nýtt námskeið þar sem áhersla er lögð á þær áskoranir sem steðja að norðurslóðum og hvernig hægt er að bregðast við þeim með nýstárlegum lausnum. Að námskeiðinu standa, auk Rannsóknaseturs um norðurslóðir, Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun við Háskóla Íslands, Ilisimatusarfik háskólinn í Nuuk, UiT Norges arktiske universitet í Tromsø, The Arctic Initiative við Kennedy skólann við Harvard háskóla og Hringborð norðurslóða.

Arcade er 10 mánaða langt námskeið fyrir meistara- og doktorsnema af öllum fræðasviðum, þar sem fjallað verður um þær miklu áskoranir sem nú steðja að norðurslóðum og lögð áhersla á hvernig hægt er að vinna að lausnum á þeim á þverfræðilegan hátt. Nemendur munu taka þátt í þremur vikulöngum námskeiðum á Íslandi, í Noregi og á Grænlandi þar sem þeir munu öðlast dýpri skilning á þeim fjölbreyttu áhrifum sem loftslagsbreytingar hafa á norðurslóðum. Nemendur munu vinna jafnt og þétt að einstaklings- og hópverkefnum undir leiðsögn sérfræðinga, auk þess að læra hvernig best er að miðla niðurstöðum rannsókna til stjórnáráðamanna í formi stefnumótunartillagna.



Snjallræði

Snjallræði, samfélagshraðall, er 16 vikna vaxtarrými (e. incubator) fyrir teymi sem vilja leiða mikilvægar samfélagsbreytingar. Markmið Snjallræðis er að ýta undir nýsköpun sem tekst á við áskoranir samtímans en hraðallinn er þannig mikilvægur vettvangur fyrir samfélagsprotu. Snjallræði var stofnað af Höfða friðarsetri árið 2018 og hraðallinn fór fram í fjórða skipti í haust. Tíu sprotafyrirtæki voru valin til þátttöku sem öll eiga það sameiginlegt að vilja nýta aðferðafræði nýsköpunar og hönnunarhugsun til þess að tækla samfélagslegar áskoranir. Vaxtarrýmið er í umsjá KLAK, í samstarfi við Höfða friðarsetur og MIT designX.



Snjallræði hófst 23. ágúst og stóð til 7. desember. Þátttakendur tóku þátt í vinnustofum á vegum Svöfu Grónfeldt og samstarfsfélaga hennar frá MIT designX og nutu handleiðslu færustu sérfræðinga hér á landi, m.a. úr mentorasamfélagi KLAK, við að þróa lausnirnar áfram. Í hraðlinum er tekið á nokkrum þáttum í þróunarferlinu, allt frá þarfa- og hagaðilagreiningu, hönnun á sjálfbæru viðskiptamódeli, frumgerðarsköpun og fjárhagsáætlunum, yfir í tengslamyndun og framkomu.



RECLAIM – Reclaiming Liberal Democracy in the Postfactual Age

Alþjóðamálastofnun hlaut þrjár milljónir evra í styrk, jafnvirði nærri 420 milljóna króna, úr Horizon Europe áætlun Evrópusambandsins fyrir rannsóknaverkefnið *Reclaiming Liberal Democracy in the Postfactual Age* (RECLAIM). Styrkurinn er til þriggja ára og er markmið verkefnisins að rannsaka áhrif upplýsingaóreiðu á lýðræði í Evrópu. Niðurstöður verkefnisins verða nýttar til ráðlegginga um stefnumótun, fræðslu og aðgerðir til að sporna gegn neikvæðum afleiðingum upplýsingaóreiðu fyrir lýðræðislega umræðu og grunnstoðir frjálslynds lýðræðis í nútímasamfélagi. Alþjóðamálastofnun heldur utan um verkefnið en Maximilian Conrad, prófessor við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, leiðir það. Auk Háskóla Íslands taka þrettán aðrir háskólar og stofnanir þátt í verkefninu: Goldsmiths College í Bretlandi, Háskólinn í Ljubljana, UAM háskólinn í Madrid, Jagiellonian-háskólinn í Kraká, Háskólinn í Viktoría í Kanada, Scuola Normale Superiore í Flórens, New Bulgarian háskólinn í Sofíu, Alþjóðamálastofnunin í Zagreb, ARENA-stofnunin við Oslóarháskóla, Trans European Policy Studies Association (TEPSA) í Brussel, Alþjóðamálastofnunin í Prag, Alþjóðamálastofnunin í Róm og Liechtenstein Institute í Benden.

Upphafsráðstefna verkefnisins fór fram í Veröld - húsi Vigdísar þann 14. október. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra flutti opunarerindi en eftir það kynnti Maximilian Conrad verkefnið og í kjölfarið fóru fram þrjár málstofur þar sem rætt var um mismunandi þætti rannsóknarinnar með þátttöku sérfræðinga úr RECLAIM teyminu og sérfræðingum frá Íslandi.



The Imagine Forum

Árleg friðarráðstefna Höfða friðarseturs í samstarfi við utanríkisráðuneytið og Reykjavíkurborg fór fram þann 10. október í Veröld - húsi Vigdísar. Að þessu sinni var ráðstefnan einnig haldin í samstarfi við Nordic Women Mediators á Íslandi.

Ráðstefnan bar yfirskriftina *The Imagine Forum: Reimagining Peace Processes* en í ár var lögð áhersla á að skoða þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir þegar kemur að friðaruppbyggingu í breyttu öryggisumhverfi. Umræðurnar snérust um hvað fyrri átök og friðarferlar hafa kennt okkur og hvernig við getum stuðlað að skilvirkari friðarferlum og friðaruppbyggingu þar sem allar raddir fá að heyrast.

Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni í ár voru: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra, Ketevan Tsikhelashvili, sendiherra og fastafulltrúi Georgíu í ÖSE, Thania Paffenholz, forstöðumaður Inclusive Peace, Jayathma Wickramanayake, sendifulltrúi ungmenna hjá Sameinuðu þjóðunum, Hiba Qasas, forstöðumaður Principles for Peace Initiative hjá Interpeace, Louise Olsson, rannsóknastjóri hjá Peace



Research Institute Oslo (PRIO), Jannie Lilja, forstöðumaður rannsókna á sviði friðar og þróunarsamvinnu hjá SIPRI, Kirsi Joenpolvi, sérfræðingur hjá friðaruppbyggingar skrifstofu Sameinuðu þjóðanna, Jón Ólafsson, prófessor í menningarfræði og rússnesku við Háskóla Íslands, Rodrigo Mezú, fræðimaður við Air Force Academy, Kólumbíu, Niusha Khanmohammadi, sérfræðingur í friðar- og menningarmálum og listamaður, Julie Arnfred Bojesen, forstöðumaður The Ukrainian-Danish Youth House, Silja Bára Ómarsdóttir, prófessor í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forseti borgarstjórnar ásamt fleirum.




Sumarskóli í smárikjafræði – Leadership in Small States

Sumarskóli Rannsóknaseturs um smáríki fór fram dagana 13. - 25. júní í Háskóla Íslands. Skólinn hafði ekki verið haldinn síðan árið 2019 vegna samkomutakmarkana en þetta var í átjándasta skiptið sem skólinn er haldinn. Yfirskrift skólans var *Leadership in Small States* og var hann hluti af Erasmus+ samstarfsverkefninu Leadership in Small States (LIST) sem Rannsóknasetur um smáríki leiðir. Framúrskarandi nemendur frá sex háskólum í Evrópu tóku þátt í skólanum að þessu sinni ásamt innlendum og erlendum fræðimönnum sem tóku að sér kennslu.



InPeace


Tvö vikulöng námskeið voru haldin í tengslum við samstarfsverkefnið InPeace á árinu. Annars vegar námskeiðið *Peacebuilding "From Below": The Relevance of "The Local" in Peace Building Processes* sem haldið var í mars í Tromsø og hins vegar námskeiðið *People, Communities and Cities in Peacebuilding* sem haldið var í Reykjavík í júní. InPeace samstarfsverkefnið er styrkt af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins og Nordplus. Markmið verkefnisins er að þróa nýtt kennsluefni í friðar og átakafræðum með áherslu á hlutverk aðila óháða ríkisvaldinu, svo sem borgir og grasrótarsamtök, og hvernig þeir aðilar geta stuðlað að friðaruppbyggingu og sjálfbærum friði.



OPNIR FUNDIR OG MÁLSTOFUR


Innrásin í Úkraínu

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála og Félag stjórnmálafræðinga stóðu fyrir opnum fundi um innrás Rússlands í Úkraínu og þær afleiðingar sem innrásin hefur fyrir öryggi í Evrópu þann 3. mars. Flemming Splidsboel Hansen, sérfræðingur hjá dönsku alþjóðamálastofnuninni (DIIS) flutti erindi en eftir það fóru fram pallborðsumræður, þátttakendur voru: Jón Ólafsson, prófessor í menningarfræði, Rósa Magnúsdóttir, prófessor í sagnfræði, Guðbjörg Ríkey Th. Hauksdóttir, doktorsnemi, Andrei Menshenin, blaðamaður auk Baldurs Þórhallsssonar, prófessors í stjórnmálafræði.



Stríð, mannréttind og lýðræði: Hvaða máli skiptir alþjóðasamvinna?

Þann 16. mars hélt Alþjóðamálastofnun í samvinnu við Félag stjórnmálafræðinga, og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála hádegisfund þar sem fjallað var um innrás Rússa í Úkraínu og hlutverk lýðræðisríkja í að tryggja grundvallargildi lýðræðis og mikilvægi alþjóðasamvinnu til að standa vörð um mannréttindi. Þátttakendur í pallborðsumræðum voru Bjarni Bragi Kjartansson, alþjóðastjórnmálafræðingur, Kári Hólmur Ragnarsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, Anna Lúðvíksdóttir, framkvæmdarstjóri Amnesty á Íslandi og Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdarstjóri UNICEF á Íslandi.



“And Must We Be Divided, Must We Part” The Shaken Geopolitics of the Ukraine Conflict

Þann 18. mars hélt Alþjóðamálastofnun opinn fund í Þjóðarbóklöðunni þar sem Marc Lanteigne, dósent í stjórnmálafræði við Norðurslóðaháskóla Noregs í Tromsø, ræddi um áhrif Úkraínustríðsins á stórveldapólitik og viðkvæmt samband Bandaríkjana, Kína og Rússlands.



Kínverski draumurinn: Götuáróður og birtingarmyndir hans

Þann 21. mars hélt Alþjóðamálastofnun opinn hádegisfund með Mugur Zlotea, dósent við Háskólann í Búkarest en á fundinum ræddi Zlotea um birtingarmyndir og götuáróður kínverska draumsins.



Security of Small States in an Increasingly Eroded International System

Rannsóknasetur um smáríki skipulagði, í samstarfi við Ibn Khaldon Center for Humanities and Social Sciences við Háskólann í Qatar, vinnustofu um öryggismál smárikja sem haldin var í Doha þann 28. mars. Á vinnustofunni var áhersla lögð á að ræða öryggismál smárikja í óstöðugu alþjóðakerfi og glímu þeirra við voldug, og oft, árásargjörn nágrannaríki og hvaða leiða smáríki geta leitað til að tryggja öryggi sitt og tilveru.



Georgía, Ísland og stríðið í Úkraínu

Alþjóðamálastofnun, utanríkisráðuneytið og Sakartvelo, vináttufélag Íslands og Georgíu, stóðu að opnum fundi þann 2. maí vegna þrjátíu ára stjórnmálasambands milli Íslands og Georgíu. Martin Eyjólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins og Natela Menabde, sendiherra Georgíu gagnvart Íslandi opnuðu fundinn. Nikoloz Samkharadze, formaður utanríkismálanefndar þingsins í Georgíu, hélt erindi um Georgíu, Rússland og stríðið í Úkraínu. Fundarstjóri var Una Sighvatsdóttir, formaður Sakartvelo og sérfræðingur á skrifstofu forseta Íslands.



Staða kvenna í Belarús eftir kosningarnar 2020

Alþjóðamálastofnun hélt opinn fund í samstarfi við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands þar sem Irmína Matonytè, prófessor í stjórnmálafræði, kynnti niðurstöður rannsókna sinna á orðræðu og hugmyndafræðilegum forsendum kúgunaraðferða stjórnvalda í Belarús, ásamt því að veita innsýn í hugarheim þeirra kvenna sem nú eru pólitískir fangar í landinu.



Smáríki í alþjóðasamskiptum: Að vinna orrustuna en tapa stríðinu?

Rannsóknasetur um smáríki hélt opinn hádegisfund þann 19. maí þar sem Godfrey Baldacchino, prófessor við Háskólann á Möltu, ræddi stöðu smáríkja í alþjóðasamskiptum og skoðaði dæmi um það hvernig smáríki hafa í gegnum tíðina haft betur í deilum sínum við stærri ríki.



Blikur á lofti í Evrópu - Europe at a Crossroads

Í tengslum við ráðherrafund Norðurhópsins sem fór fram í Reykjavík 8. - 9. júní héldu Alþjóðamálastofnun, Varðberg og utanríkisráðuneytið tvo opna fundi undir yfirskriftinni Blikur á lofti í Evrópu.

Fyrri fundurinn fór fram 7. júní í samstarfi við Breska sendiráðið á Íslandi. Á fundinum ræddu Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra og Ben Wallace, varnarmálaráðherra Bretlands, um breytt öryggisumhverfi í Evrópu í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu og enduruppbyggingu í kjölfar stríðsins.

Seinni fundurinn fór fram 9. júní en þar flutti dr. Artis Pabriks, varaforsetisráðherra og varnarmálaráðherra Lettlands erindi um nýjar öryggisáskoranir út frá sjónarhóli smáríkja í Norður-Evrópu. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra hélt opunarávarp og eistneski netöryggissérfræðingurinn Marle Maigne flutti erindi um netöryggismál.



Small States and Big Powers: Portugal and Iceland's Foreign Relations

Rannsóknasetur um smáríki tók á móti góðum gestum frá Portúgal í lok ágúst í tengslum við verkefnið *Euro-Atlantic: The European and Atlantic dimensions of Portugal and Iceland's foreign policies* sem styrkt var af Uppbyggingarsjóði EES. Hópurinn stóð fyrir opinni málstofu fyrir almenning auk þess að sitja vinnufundi vegna útgáfu bókar sem er væntanleg árið 2023.



Fake News, Disinformation and Post-Truth Politics: Comparing the European Union and other Western Democracies

Dagana 31. ágúst – 2. september skipulagði Höfði friðarsetur ráðstefnu, sem haldin var í Victoria í Kanada, í samstarfi við Háskólann í Victoria. Ráðstefnan var hluti af Jean Monnet Networks rannsóknaverkefninu *Post-Truth Politics, Nationalism and the (De-)Legitimation of European Integration* og leiddi hún saman fræðimenn frá Evrópu, Kanada og Bandaríkjunum í umræðum um lýðræði, upplýsingaóreiðu, falsfréttir og fleira.



Reykjavík Roundtable on Global Economic Challenges

Dagana 1. og 2. september stóð Alþjóðamálastofnun fyrir málstofum um áskoranir í heimsbúskapnum undir heitinu *Fault Lines after Covid: Reykjavík Roundtable on Global Economic Challenges* í samstarfi við Má Guðmundsson, fyrrverandi seðlabankastjóra, Robert Z Aliber, prófessor við Chicago háskóla, Gylfa Zoega, prófessor við Háskóla Íslands og Robert McCauley, fyrrverandi yfirmann Hong Kong skrifstofu Alþjóðagreiðslubankans.



Ólga í öryggismálum í Tavíansundi

Þann 9. september hélt Alþjóðamálastofnun opinn hádegisfund þar sem Marc Lanteigne, dósent í stjórnmálafræði við Norðurslóðaháskóla Noregs í Tromsø, ræddi um yfirstandandi deilur í Taívan-sundi og setti þær í samhengi við valdabaráttu Bandaríkjanna og Kína í Austur-Asíu og á Kyrrahafssvæðinu.



West Nordic Cooperation in the Arctic

Vestnorræni dagurinn var haldinn hátíðlegur á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum þann 23. september. Rannsóknasetur um norðurslóðir stóð að viðburði um vestnorræna samvinnu á norðurslóðum í tilefni af deginum í samvinnu við Vigdísarstofnun og Norræna húsið.



Viðbrögð NATO við innrásinni í Úkraínu

Alþjóðamálastofnun hélt opinn hádegisfund þann 30. september þar sem prófessor Artur Gruszczak við Jagiellonian-háskólann í Kraká í Póllandi ræddi um viðbrögð NATO við stríðinu í Úkraínu og hvort hægt sé að endurreisa öryggskerfi Evrópu og Atlantshafssvæðisins. Í erindi sínu beindi hann meðal annars sjónum að aðlögunarhæfni bandalagsins gagnvart nýjum áskorunum, möguleikum á samstilltum viðbrögðum út á við, hernaðargetu, varnar- og fælingarmætti og möguleikum bandalagsins á að veita vernd gegn nýjum ógnum, eins og upplýsingaóreiðu, netárásur, rofi í mikilvægum birgðakeðjum og fleira.



Hádegisfundir í tilefni af útkomu bókarinnar Vegabréf íslenskt

Alþjóðamálastofnun skipulagði tvo hádegisfundi á haustmánuðum í tilefni af útkomu bókarinnar *Vegabréf: Íslenskt* í samstarfi við Forlagið.

Fyrri fundurinn bar heitið *Er óhjákvæmilegt að stríð verði á endanum að siendurteknu suði í frétt aflutningi?* og fór fram þann 21. september. Á fundinum sagði Sigríður Víðis Jónsdóttir frá tilurð bókarinnar og ræddi meðal annars um flóttamenn, fólk sem verður að tölfræði og stríð sem hverfa úr fjölmiðlum. Bogi Ágústsson, fréttamaður á RÚV, ræddi um áskoranir við að flytja fréttir af langvarandi stríðsátökum og flóknum erlendum fréttamálum.



Seinni fundurinn fór fram þann 19. október undir yfirskriftinni *Hvað er hægt að gera þegar mannréttindi eru fótumtroðin?* Á fundinum fjölluðu Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrum utanríkisráðherra og forstjóri Lýðræðis og mannréttindastofnunar ÖSE, og Silja Bára Ómarsdóttir, prófessor í stjórnmálafræði, um mannréttindabrot og möguleika íslenskra stjórnvalda og alþjóðakerfisins á að bregðast við þeim.



Nordic Cooperation in Testing Times

Þann 19. október komu þeir Sauli Niinistö, forseti Finnlands og Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands saman í Veröld - húsi Vigdísar til að fjalla um norræna samvinnu á áttatímum. Alþjóðamálastofnun sá um skipulag fundarins í samstarfi við skrifstofu forseta Íslands. Forsetarnir ræddu meðal annars þá flóknu stöðu sem komin er upp í alþjóðamálum eftir innrás Rússa í Úkraínu, auk þess að rifja upp tengsl Finnlands og Íslands í sögulegu samhengi og mikilvægi norrænnar samvinnu. Að loknum umræðum forsetanna tóku þau Thomas Blomqvist, ráðherra norrænnar samvinnu og jafnréttis í finnsku ríkisstjórninni, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, ráðherra norrænnar samvinnu og félags- og vinnumarkaðsmála, Jón Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, og Ann-Sofie Nielsen Gremaud, dósent við Háskóla Íslands, þátt í fróðlegum pallborðsumræðum um sama málefni. Pia Hansson, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar sá um málstofustjórn.



Polar Law Symposium

Rannsóknasetur um norðurslóðir tók þátt í skipulagningu Polar Law Symposium ráðstefnunnar sem fram fór í Hátíðasal Háskóla Íslands 12. og 13. október. Á ráðstefnunni komu saman sérfræðingar víða að úr heiminum m.a. á sviði heimskaupa- og alþjóðaréttar til að ræða brýnar áskoranir og álítaefni sem tengjast þeim breytingum sem eru að verða á heimskaupasvæðunum. Aðrir skipuleggjendur voru Polar Law Institute og Norðurslóðanet Íslands.



EES samningurinn og áskoranir 21. aldar

Þann 20. október var haldinn opinn fundur í Hátíðarsal Háskóla Íslands þar sem fjallað var um hvernig samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið getur þjónað sameiginlegum hagsmunum okkar á næstu áratugum og hvernig innrás Rússa í Úkraínu og aðrar nýlegar áskoranir hafa áhrif á samstarf EFTA-ríkja, EES og ESB. Maroš Šefčovič, varaforseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins flutti ávarp á fundinum auk þeirra Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfdóttur, utanríkisráðherra og Þorsteins Víglundssonar, forstjóra Hornsteins. Að fundinum stóðu Alþjóðamálastofnun, utanríkisráðuneytið, Evrópusambandið á Íslandi og Íslensk-evrópska verslunarráðið.



Uncertain Times, Unsettled Lives: Shaping our Future in a Transforming World

Þann 27. október hélt Alþjóðamálastofnun, í samstarfi við utanríkisráðuneytið og Félag Sameinuðu þjóðanna, opið málþing um lífskjaraskýrslu Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) og framtíð þróunarmála. Í fyrsta skipti á þeim 32 árum sem UNDP hefur tekið saman lífskjaralistann (Human Development Index), hefur lífskjörum almennt hnignað í heiminum tvö ár í röð. Henrik Fredborg Larsen, framkvæmdastjóri Norðurlandaskrifstofu UNDP kynnti skýrsluna en í kjölfarið fóru fram pallborðsumræður með fræðimönnum og sérfræðingum frá félagasamtökum um inntak skýrslunnar.



Hádegisfundur um móttöku flóttafólks á Íslandi

Alþjóðamálastofnun hélt opinn hádegisfund í samstarfi við Mannréttindastofnun Háskóla Íslands þann 8. nóvember sem bar yfirskriftina *Er Ísland að drukkna í flóttafólki?* Fundurinn var haldinn í kjölfar umræðu í samfélaginu um að ástandið þegar kæmi að móttöku flóttafólks á landinu væri stjórnlaust. Á fundinum fóru fræðimenn við Háskóla Íslands yfir það hvað það myndi þýða að takmarka aðgengi að landinu og hvernig það rímar við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands þegar kemur að móttöku flóttafólks. Þá var rætt hvaða breytingar væru boðaðar í nýju frumvarpi til útlendingalaga og hvaða afleiðingar þær myndu hafa fyrir fólk sem sækir hér um alþjóðlega vernd og hvernig hægt sé að stuðla að upplýstri umræðu um flóttafólk á Íslandi sem ekki elur á ótta og fordómum gagnvart fólki sem leitar hér skjóls.

Kári Hólmar Ragnarsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands var með upphafserindi en eftir það fóru fram pallborðsumræður með Guðmundi Hálfðánarsyni, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, Írisi Ellenberger, dósent á menntavísindasviði Háskóla Íslands og Silju Báru Ómarsdóttur, prófessor í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands. Fundurinn var þétt setinn og margir fylgdust með á streymi.



Umskipti í öryggismálum á norðurslóðum

Þann 15. nóvember hélt Alþjóðamálastofnun í samstarfi við Varðberg opinn fund í Veröld þar sem rætt var um örar breytingar á öryggisumhverfi norðurslóða vegna loftslagsbreytinga og innrásar Rússa í Úkraínu. Pia Hansson, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar og Njáll Trausti Friðbertsson, alþingismaður og formaður Varðbergs héldu upphafserindi. Frummælendur voru Gunhild Hoogensen Gjörv, prófessor við Norðurslóðaháskóla Noregs í Tromsø, Jeppe Strandsbjerg, lektor við Konunglega danska varnarmálaháskólann í Nuuk og Rasmus Gjedssø Bertelsen, Nansen-prófessor við Háskólann á Akureyri. Fundarstjóri var Björn Bjarnason.



Hádegisspjall með forsætisráðherra Finnlands og Íslands

Alþjóðamálastofnun hélt opinn hádegisfund með forsætisráðherrum Finnlands og Íslands í Þjóðminjasafninu í samstarfi við forsætisráðuneytið í tengslum við vinnuheimsókn finnska forsætisráðherrans. Fundurinn var vel sóttur og færri komust að en vildu. Á fundinum ræddu Sanna Marin og Katrín Jakobsdóttir um áskoranir og tækifæri samtíms, meðal annars um sjálfbæra þróun, velsældarhagkerfi og loftslagsaðgerðir, mikilvægi jafnréttis- og mannréttindabaráttu, hlutverk nýrrar tækni gagnvart samfélagslegum áskorunum, skautun í stjórn málaumræðu víðsvegar um heiminn og áhrif innrásarstríðs Rússlands í Úkraínu á öryggismál Evrópu. Heimir Már Pétursson sá um fundarstjórn.



Opnir fundir í tengslum við formennskuna í Evrópuráðinu

Í tengslum við formennsku Íslands í Evrópuráðinu skipulagði Alþjóðamálastofnun tvo opna fundi í samstarfi við utanríkisráðuneytið.

Fyrri fundurinn bar yfirskriftina *Human Rights Protection in Challenging Times: The Future Role of the Council of Europe* og var haldinn í Hátíðarsal Háskóla Íslands þann 24. nóvember. Á fundinum var rætt um það bakslag



sem hefur orðið í framþróun mannréttinda í Evrópu auk þess sem sjónum var beint að áhrifum árárs Rússa á Úkraínu og mikilvægi þess að ríki Evrópu standi vörð um lýðræðismenningu, stöðugleika og öryggi í Evrópu.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra hélt opunarerindi og Marija Pejčinović Burić, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins flutti aðalávarp. Eftir það fóru fram pallborðsumræður. Þátttakendur í pallborði voru Bjarni Jónsson, formaður Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins og formaður utanríkismálanefndar, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, sérlegur ráðgjafi kvennréttindafélags Íslands, Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri Samtakanna 78 og Kári Hólmar Ragnarsson, lektor við Lagadeild Háskóla Íslands og meðlimur í stjórn Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands.

Seinni fundurinn bar yfirskriftina *Accountability for Ukraine: Response of the international community and the role of the Council of Europe*. Fundurinn fór fram í fundarsal Grósku en þar hélt Borys Tarasyuk, sendiherra Úkraínu gagnvart Evrópuráðinu og fyrrverandi utanríkisráðherra, erindi um árásarstríð rússneskra stjórnvalda gegn Úkraínu, aðstæður almennra borgara og hvernig alþjóðasamfélagið getur aðstoðað Úkraínumenn við að tryggja saksókn og refsingu fyrir alþjóðlega glæpi. Auðunn Atlason, alþjóðafulltrúi forsætisráðuneytisins, Silja Bára Ómarsdóttir, prófessor í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands og Þórdís Ingadóttir, prófessor við Lagadeild Háskólans í Reykjavík, tóku þátt í pallborðsumræðum sem Pia Hansson, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar stjórnaði að loknu erindi sendiherrans.



COP27 – Hvað svo?

Alþjóðamálastofnun hélt opinn fund 2. desember í samstarfi við UNICEF á Íslandi, Unga umhverfissinna, Félag Sameinuðu þjóðanna og Stofnun Sæmundar fróða við Háskóla Íslands þar sem farið var yfir niðurstöður COP27 ráðstefnunar og leitað svara við spurningunni *Hvað svo?* Amy Wickham, sérfræðingur UNICEF í loftslags-, orku- og umhverfismálum, flutti erindi um upplifun sína af COP27 ráðstefnunni og þá möguleika sem felast í barnvænni loftslagsstefnu. Auk þess deildu Tinna Hallgrímsdóttir, forseti Ungra umhverfissinna og Finnur Ricart Andrason, loftslagsfulltrúi, sinni sýn á framhaldið.



ÚTGÁFA

Bókin *Europe in the Age of Post-Truth Politics: Populism, Disinformation and the Public Sphere* var gefin út í nóvember og hægt er að nálgast hana frítt á heimasíðu Springer. Bókin er afkastur verkefnisins Post-Truth Politics, sem Höfði friðarsetur heldur utanum og leitt er af Maximilian Conrad, prófessor við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands.

Guðbjörg Ríkey Th. Hauksdóttir og Pia Hansson skrifuðu bókarkafllann *Iceland and the European Union: Arctic Security and Great Power Interest* en kaflinn er hluti af skýrslunni *Looking North: The European Union and Arctic Security from a Nordic and German Perspective*, sem fjallar um Evrópusambandið og öryggi norðurlóða út frá sjónarhorni Norðurlandanna og Þýskalands. Skýrslan er fjármögnuð og gefin út af Konrad-Adenauer-Stiftung í samvinnu við Fridtjof Nansen stofnunina.

